

Fundargerð starfshóps um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi

3. Fundur haldinn þann 16. september 2019 kl. 16:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Mætt: Silja E. Steingrímsdóttir, Sigrún Ámundadóttir, Orri Jónsson, Jón Arnar Sigurþórsson og Unnur Jónsdóttir. Einnig sátu fundinn Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Kristján Finnur Kristjánsson verkefnastjóri framkvæmdarsviðs.

1. Eiríkur Steinn Búason og Gunnar Kristjánsson starfsmenn Verkís voru gestir fundarins. Starfsmenn Verkís kynntu og ræddu um fjölda íþróttamannvirkja sem þeir hafa komið að, t.d. tvö knatthús í Hafnarfirði, íþróttamannvirki við Egilshöll, íþróttamiðstöðu í Þorlákshöfn, fjölda sundlauga hér á landi og erlendis og íþróttamiðstöðvum um land allt. Verkís vinnur nú að hönnun fjölnota íþróttahúss á lóð UMFS á Selfossi. Þá sér Verkís um alla verkfræðihönnun vegna fjölnota íþróttahúss í Garðabæ, auk landslagshönnunar. Önnur íþróttahús sem Verkís hefur aðkomu að eru fjölnota íþróttahús í Mosfellsbæ sem verður tilbúið til notkunar í október, fjölnota íþróttahús ÍR í Suður Mjódd og knatthús í Hafnarfirði.

Starfsmennirnir lögðu áherslu á að mikilvægt væri að:

- Velja staðsetningu vel,
- Athuga jarðvegsaðstæður,
- Athuga stöðu á verktakamarkaði,
- Athuga haflengd sperra og
- Tengingu við nærliggjandi byggingar þ.m.t. núverandi íþróttamiðstöð.

Ræddu starfsmennirnir kostnað við fjölnota íþróttahús/knatthús og áætluðu að kostnaður væri:

- 3.000 fermetra óupphitað dúkklaett hús 70x50 = kr. 495.700.000
- 3.000 fermetra einangrað hús með búningsaðstöðu og göngubraut 70x50 = kr. 762.200.000
- 5.000 fermetra einangrað og upphitað hús 120x80 = kr. 1.760.000
 - Hálf stærð = kr. 986.200.000

Lögðu Eiríkur og Gunnar áherslu á góða og ítarlega þarfagreiningu í upphafi.

2. Einar Ingimarsson var gestur fundarins.

Einar Ingimarsson arkitekt fór yfir þarfagreiningu sem gerð var árið 2006, sem hann telur vera úrelta. Hann fór yfir möguleika á staðarvali fyrir íþróttamannvirki og ræddi stöðuna á núverandi íþróttahúsi og þá möguleika sem liggja þar. Einnig velti hann þeirri hugmynd upp hvort rífa þyrfti núverandi hús og byggja nýtt. Einar lagði áherslu á góða og ítarlega þarfagreiningu með hagsmunaaðilum.

3. Þarfagreining.

Hópurinn bað Kristján Finn verkefnastjóra framkvæmdarsvið að fá verðtilboð í einingaverð í þarfagreiningu hjá þremur aðilum fyrir næsta fund sem verður miðvikudaginn 23. október nk. sem hægt er að hafa til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

4. Skoðunarferð.

Ákveðið að fara í skoðunarferð mánudaginn 23 september og skoða fjölnota íþróttahús í Mosfellsbæ, fjölnota íþróttahús ÍR í Suður Mjódd og knatthús í Hafnarfirði. Sigurður Guðmundsson hjá UMSB skipuleggur ferðina og Einar Ingimarsson slæst í för með hópnum.

Fleira ekki gert/AMH